

Efni: Umsögn frá Knattspyrnusambandi Íslands

Afreksstarf í íþróttum á Íslandi, til framtíðar

Unnið hefur verið að bættri umgjörð afreksíþróttá á Íslandi í tvö ár og gríðarmikið starf liggur að baki þeirrar vinnu. Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis var skipaður í janúar 2023 um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks og skilaði hópurinn skýrslu í apríl 2024 þar sem staðan í málaflokknum var skýrð og margar tillögur voru settar fram um aðgerðir til að efla og styrkja afreksíþróttastarfið í landinu. Miklar væntingar eru af hálfu íþróttahreyfingarinnar um framgang þessara tillagna enda um umbyltingu að ræða í umgjörð afreksíþróttafólks á Íslandi. Markmiðið með þessari vinnu er að gera umgjörð um íslenskt afreksíþróttafólk sem næst sambærilega við það sem er hjá þjóðum sem við berum okkur helst saman við. Tillögurnar fela meðal annars í sér:

- Stofnun Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands. Mikilvægt hlutverk hennar er að styrkja sérsambönd og íþróttafélög að sinna sínu afreksstarfi. Einnig að bæta umhverfi og efla starfsumhverfi íþróttþjálfarans, með því að efla menntun, þekkingu og hæfni þeirra. Þar mun starfa öflugt fagteymi sérfræðinga og ráðgjafa frá átta ólíkum fagsviðum íþróttá.
- Hækkun framlags til Afrekssjóðs ÍSí.
- Stofnun launasjóðs afreksíþróttafólks og þjálfara til að styðja við afreksíþróttafólkið og tryggja þeim vinnumarkaðstengd réttindi.
- Aukið fjármagn til íþróttahreyfingarinnar til að lágmarka kostnaðarpáttöku iðkenda í landsliðsstarfi. Háar greiðslur foreldra vegna þátttöku barna og unglunga í landsliðsverkefnum eru til þess fallnar að mismuna einstaklingum eftir fjárhag foreldra.
- Aukið fjármagn til ferðasjóðs íþróttafélaga til að koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni.
- Hækkun fjárframlags til reksturs sérsambanda.
- Hvatakerfi sem hefur það að markmiði að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.
- Efling samvinnu og tengsla Afreksmiðstöðvar við grunnskólastigið og þjálfun ungmenna í íþróttafélögunum, auk foreldrafræðslu.
- Aðgerðir til að hlúa að efnilegu íþróttafólki og draga úr brotthvarfi unglunga úr íþróttum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að kynna tillögur starfshópsins fyrir öllum þingflokkum og að störfum er þverpólitísk þingmannanefnd sem unnið hefur að málinu.

Gríðarlega mikilvægt er að halda takti í þessari vinnu svo hægt verði að ná þeim árangri sem stefnt hefur verið að enda hefur mikil orka og tími farið í undirbúning þess og úrvinnslu.

Krafa er gerð um að íþróttahreyfingin fái þann stuðning sem rætt hefur verið um til að hægt verði að tryggja faglegt og gott afreksíþróttastarf í landinu. Til þess þarf stóraukið fjármagn til málaflokksins eins og kynnt hefur verið.

Það væri mikill skaði fyrir hreyfinguna ef tímabundið ástand á Alþingi leiddi til þess að þessi áform verði að engu.

Vert er að minna á að í núverandi stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði með félagasamtökum að því að efla umgjörð um afreksstarf íþróttafólks. Þá kemur fram í fjármálaáætlun 2025 -2029 að meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf.

Gerðar eru miklar kröfur til íþróttahreyfingarinnar og á sama tíma hefur allt rekstrarumhverfi hennar orðið mun erfiðara. Þessu hefur knattspyrnuhreyfingin fundið fyrir eins og íþróttahreyfingin í heild sinni. Sífelld erfiðara er fyrir okkar félagslið að sækja fjármagn inn í reksturinn og er hann víða mjög þungur. Ferðakostnaður og upphald hefur hækkað mikið sem kemur sér sérstaklega illa fyrir þau félög sem þurfa að ferðast langar vegalengdir í sínum verkefnum. Þá hefur allur flug- og hótélkostnaður hækkað verulega sem hefur komið sér afar illa fyrir landsliðin okkar og hefur KSÍ af þeim sökum þurft að draga úr landsliðsverkefnum. Einnig hefur það verið til skoðunar að velta þeim kostnaði á foreldra leikmanna. Fram undan eru mörg stór og kostnaðarsöm verkefni og ber helst að nefna lokakeppni EM kvenna sem fram fer í Sviss næsta sumar.

Þá hefur afrekssjóður ÍSÍ staðið í stað undanfarin ár en KSÍ hefur ekki notið styrkja úr sjóðnum undanfarin ár. Við teljum mikilvægt að auka framlög í sjóðinn og að öll sérsamböndin (KSÍ þar með talið) hafi tækifæri til að njóta styrkja úr sjóðnum.

Í þessu samhengi er vert að benda á tæplega 10 ára gamla rannsókn um umfang og hagræn áhrif íþróttá en þar er fjallað um verðmæti íþróttastarfs fyrir samfélagið, í krónum talið.

[Íþróttir á Íslandi: Umfang og hagræn áhrif](#)

Í skýrslunni kemur m.a. fram að um 25-30.000 manns hafi á þeim tíma komið til landsins árlega vegna íþróttaviðburða og íþróttastarfs, og að reikna mætti með að stór hluti af þeim fjölda komi vegna knattspyrnu. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að beinar gjaldeyrstekjur vegna íþróttá og afreksmennsku hafi numið nálægt 4 milljörðum króna, og að óbeinar gjaldeyrstekjur séu einnig umtalsverðar.

Í þessu sambandi, beintengt afreksmennsku í knattspyrnu, má nefna að þegar A landslið karla tók þátt í lokakeppnum EM 2016 og HM 2018 þá jókst áhugi ferðamanna á Íslandi verulega. Sem dæmi má taka fram að árið 2016 jókst fjöldi þeirra sem leituðu að flugi til Íslands, gistingu á landinu, afþreyingu og bílaleigubílum um 73% milli ára (Google). Ætla má að landkynning og heildartekjur þjóðarbúsins vegna þátttöku og árangurs A landsliða karla og kvenna í knattspyrnu á alþjóðlegum vettvangi, og þá sér í lagi þátttöku í lokakeppnum stórmóta, geti orðið verulegar.

Framlag íprótta til lýðheilsu og forvarna er verulegt og þó erfitt hafi reynst að meta það með áreiðanlegum hætti er ljóst að framlag ípróttahreyfingarinnar til lýðheilsu nemur mörgum milljörðum eftir að tillit hefur verið tekið til kostnaðar vegna ípróttastarfsins. Þess má geta að KSÍ vinnur nú að rannsókn í samstarfi við Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) þar sem mæld verða hagræn og lýðheilsuleg áhrif knattspyrnunnar á land og þjóð og vonast er til að hægt verði að kynna niðurstöður þeirrar rannsóknar fyrir árslok.

Við skorum hér með á fjárveitingarvaldið að auka stuðning sinn og gera enn betur við afreks- og ípróttastarfið í landinu en nú er gert. Ávinningur þess stuðnings er ótvíræður að okkar mati.

*F.h. Knattspyrnusambands Íslands
Eysteinn Pétur Lárusson
Framkvæmdastjóri*